

Skaftárhreppur
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. október 2012
Tilvísun: UST20120200145/edk

Frestun álagningar dagsekta

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 3. október 2012 þar sem ákveðið var að leggja dagsektir á Skaftárhrepp frá og með 15. október 2012 vegna tveggja frávíka. Í sama bréfi var einnig veittur frestur var veittur til 20. október til að skila inn úrbótum vegna eins frávíks er varðar mælingar á grunnvatni.

Óreiða á urðunarstað og óflokkaður úrgangur

Annað frávíkið sem gaf tilefni til álagningar dagsekta varðar óreiðu á urðunarstað, en í reglubundnu eftirlit Umhverfisstofnunar með urðunarstaðnum á árinu 2011 var þetta atriði skráð sem frávík, og í reglubundnu eftirliti þessa árs, sem fram fór 15. ágúst sl. var enn vart við óreiðu á urðunarstaðnum og þótti tilefni til að skrá þetta aftur sem frávík. Í bréfi rekstraraðila frá 12. október sl. kemur fram að unnið sé hörðum höndum að tiltekt og frágangi að svæðinu og verkinu verði að mestu lokið mánudaginn 15. október og þá verði myndir því til staðfestingar sendar stofnuninni. Þann dag bárust umræddar myndir Umhverfisstofnun og staðfesta þær að unnið er að tiltekt á svæðinu. Stofnunin hefur því ákveðið að fresta álagningu dagsekta vegna þessa frávíks til 1. nóvember 2012 til að gefa rekstraraðila tækifæri á að ljúka hreinsunarstarfinu og senda stofnuninni staðfestingu á því.

Áhættumat, viðbragðsáætlun og ábyrgðartrygging

Seinna frávíkið sem gaf tilefni til álagningar dagsekta varðar að Skaftárhreppur hafði ekki sent Umhverfisstofnun áhættumat, viðbragðsáætlun og staðfestingu á ábyrgðartryggingu vegna urðunarstaðarins. Umhverfisstofnun bárust drög að áhættumati og viðbragðsáætlun 10. október sl., og staðfesting á ábyrgðartryggingu þann 11. október sl. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar fór fram á að gerðar yrðu smávægilegar breytingar á áhættumatinu og endurbætt útgáfa þess barst stofnuninni 12. október. Umhverfisstofnun hefur metið umrædd gögn sem fullnægjandi og telst þetta frávík nú að fullu bætt.

Mæliniðurstöður úr grunnvatnssýnatöku

Umhverfisstofnun áminnti Skaftárhrepp fyrir þetta frávík í bréfi dagsettu 16. júlí 2012. Eftir að dagsektir höfðu verið áformaðar, í bréfi dagsettu 4. september sl., sendi Skaftárhreppur Umhverfisstofnun upplýsingar um að mæling hefði farið fram í lok ágúst og mæliniðurstöður væru væntanlegar. Mæliniðurstöðurnar bárust Umhverfisstofnun í tölvupósti 10. október sl. Mæling og

mæliniðurstöður hafa verið metnar fullnægjandi af stofnuninni. Í bréfi dagsettu 3. október sl. gerði Umhverfisstofnun athugasemd við að Skaftárhreppur hafði aðeins sett niður tvo sýnatökubrunna en ekki þrjá líkt og fyrirbyggjandi drög að nýju starfsleyfi gera ráð fyrir, stofnunin óskaði þá eftir að rekstraraðili sendi Umhverfisstofnun áætlun sína um hvenær þriðja sýnatökubrunninum yrði komið fyrir. Í bréfi Skaftárhrepps frá 12. október sl. segir rekstraraðili að sýnatökubrunninum verði komið fyrir eigi síðar en 19. október. Umhverfisstofnun óskar eftir að rekstraraðili sendi stofnuninni staðfestingu í tölvupósti þegar verkinu er lokið.

Áform Umhverfisstofnunar eru þá svo breytt:


Hafi Skaftárhreppur ekki lokið við að bæta úr fráviki er varðar óreiðu á urðunarstað og óflokkaðan úrgang og senda Umhverfisstofnun staðfestingu á efndum fyrir 1. nóvember nk. mun Umhverfisstofnun leggja dagsektir á sveitarfélagið að upphæð kr. 10.000 á dag, frá og með 1. nóvember 2012 þar til bætt hefur verið úr frávikinum að fullu.


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 517/2011, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri


Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands